



Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp um Mannréttindastofnun Íslands, 239. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 11. október þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál. Með frumvarpinu verður til sjálfstæð innlend mannréttindastofnun þar sem markmiðið er að uppfylla Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindastofnanir.

Stofnanir ríkisins eru fleiri en 160 talsins og sumar hverjar mjög fámennar. Í sameiningu stofnana, frekar en fjölgun þeirra, felast augljós tækifæri til betri nýtingar á almannafé. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stofnanir ríkisins sem kom út í desember 2021 kemur fram að fjöldi ríkisstofnana sé enn töluverður þrátt fyrir sameiningar síðustu ára og vinnu nokkurra starfshópa við tillögur um hvernig megi einfalda stofnanakerfi ríkisins. Margar stofnanir eru litlar, en liðlega helmingur þeirra er með færri en 50 starfsmenn, sem ætla má að gætu rúmast innan stærri skipulagsheilda hins opinbera. Þannig eru margvísleg tækifæri til umbóta.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027 má finna sérstakan kafla um umbætur í starfsemi hins opinbera og verkefni sem snúa m.a. að því að veitt sé betri og einfaldari opinber þjónusta með auknum árangri fyrir samfélagið allt. Í kaflanum má finna sérstaka umfjöllun um skipulag hins opinbera og stofnanafjölda og viðleitni til þess að fara að tillögum Ríkisendurskoðunar til einföldunar á kerfinu. Mikil tækifæri felast í því að fækka stofnunum og stækka, einfalda starfsemi og þjónustu og veita hana með hagkvæmari og skilvirkari hætti. Litlar og fámennar stofnanir eru hvorki sjálfbærar né nægilega sterkar einingar. Loks getur fjárhagslegur ávinningur þess að sameina stofnanir verið umtalsverður og stór þáttur í því að nýta betur þá fjármuni sem hið opinbera hefur úr að spila.

Stofnun nýrrar, fámennrar stofnunar rímar illa við þau markmið sem lýst er hér að framan. Skipulag hins opinbera verður að vera sveigjanlegt og geta lagað sig að breytilegum aðstæðum. Nú þegar er starfandi óháð stofnun, Mannréttindaskrifstofa Íslands, sem gegnir ákveðnu eftirlitshlutverki og ekki verður séð að ómögulegt sé að útvíkka hlutverk hennar, og tryggja sjálfstæði, þannig að það samræmist Parísarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindastofnanir að fullu. Að mati SA ætti frekar að skoða þá leið áður en lagt er upp með að setja á laggirnar nýja ríkisstofnun.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir